

Sp.

61. Tillaga til þingsályktunar

[50. mál]

um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Fiskifélagi Íslands og fiski-deild atvinnudeildar Háskóla Íslands að gera tillögur um tímabundna friðun ákveð-inna hrygningarsvæða við strendur landsins.

Greinargerð.

Allir munu viðurkenna, að með útfærslu grunnlínanna og útfærslu fiskveiði-takmarkanna í 12 mílur frá þeim hafi bátafloata landsmanna verið skapað stærra athafnasvæði en áður var og öruggara, þar sem erlendum fiskiskipum er nú bægt frá öllum veiðum á þessu svæði. Verður þetta að teljast góð og raunhæf þróun fyrir alla, sem þennan atvinnuveg stunda, og tryggir vonandi undirstöðu þessarar atvinnugreinar.

Það ber þó að hafa í huga í þessu sambandi, að á undanförnum árum hefur bátafloati landsmanna aukizt mjög. Hefur hann aukizt bæði að tölu til og stærð, auk þess sem afkastageta hans hefur margfaldazt á við það, sem áður var, vegna aukinnar tækni við veiðarnar og tilkomu nýrra og aflasælli veiðarfæra en áður þekktust.

Með hliðsjón af þessu tel ég, að gæta verði þess, að hinum fengsælu fiski-miðum við strendur landsins verði ekki eytt með ofveiði eða rányrkju. Við Suður-og Suðvesturland, á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Reykjanesi, munu vera hin stærstu hrygningarsvæði, sem vitað er um við strendur landsins. Allstór hluti af bátafloata landsmanna stundar veiðar að vetrinum til á þessu svæði og einmitt á þeim tíma, er hrygning aðalfiskstofns okkar, þorsksins, fer fram.

Þegar er farið að gæta nokkurs uggs hjá þeim sjómönnum, sem veiðar stunda á þessu svæði, um, að minnkandi afli bátaflotans á vetrarvertíð á þessum slóðum kunní að eiga rót sína að rekja til ofveiði á þeim hrygningarsvæðum, sem þar eru. Vil ég í þessu sambandi skirskota til ályktunar, sem Skipstjóra- og stýrimanna-félagið Verðandi í Vestmannaeyjum samþykkti á fundi sínum á árinu 1957 og send var sjávarútvegsmálaráðuneytinu, þar sem bent var á nauðsyn þess að friða vissan tíma árs ákveðin hrygningarsvæði á tilgreindum stöðum. Tel ég því tíma-bært, að fiskifræðingum okkar í samráði við þá aðila, sem aflað hafa sér í áratugi haldgóðrar reynslu í þessu sambandi, verði falin athugun á, hvort ekki sé nauðsyn-legra aðgerða þörf í þessu sambandi, og ef svo reynist, að gera tillögur til eðli-legra úrbóta.

Af þeim ástæðum er þessi þingsályktunartillaga fram borin.